

# Orkudrykkir skaða tennur hjá ungu fólki

Formaður Tannlæknafélags Íslands og lektor við tannlæknadeild Háskóla Íslands segja mikla aukningu á glerungseyðingu hjá unglimum og ungu fólki sem rekja megi til neyslu súrra orkudrykkja.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það sem okkur finnst rosalega alvarlegt er að markaðssetningin á orku- og íþróttadrykkjum er svo röng,“ segir Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands. Í dag hefst tannverndarvika Tannlæknafélags Íslands og Landlæknis. Þar er sérstök áhersla lögð á orkudrykki.

„Hvað varðar glerungseyðingu tanna þá eru sykurlausir orkudrykkir alveg jafn glerungseyðandi og sykraðir drykkir,“ segir Jóhanna.

Vilhelm Grétar Ólafsson, lektor við tannlæknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í tannfyllingum og tannsjúkdómafræði, segir mikla aukningu á glerungseyðingu hjá unglimum og ungu fólki.

„Þetta er hálfgerður faraldur,“ segir Vilhelm. Tímabært sé að vekja athygli á málinu. „Orkudrykkir eru gríðarlega vinsælir hjá ungu fólki og glerungseyðing er ofboðslega algeng hjá sama hópi.“

Að sögn Vilhelms stendur stórum stöfum á mörgum orkudrykkjum að þeir séu sykurlausir. Því áliti fólk þá hættulausa.

„En glerungseyðing er ekki eins og tannskemmdir sem er hægt að bora burt og fylla upp í, þarna erum við að tala um eyðingu á tannvef og hann vex ekkert aftur,“ segir Vilhelm.

Að sögn Vilhelms getur vandinn náð yfir allar tennurnar. „Við erum að tala um svakalega umfangsmiklar og kostnaðarsamar viðgerðir sem fylgja þessu. Það er ekki gott vegna þess út í lífið að vera búinn að klára nánast allan glerung fyrir tvítugt.“

Vilhelm og Jóhanna segja markaðssetningu orkudrykkja varhuga-verða. Stór hópur fólks sem hugi vel

Hvað varðar glerungseyðingu tanna þá eru sykurlausir orkudrykkir alveg jafn glerungseyðandi og sykraðir drykkir.

Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands



að heilsunni drekki þá án þess að hugsa um áhrif þeirra á tannheilsu.

„Þetta á líka við um drykki sem fólk drekkur fyrir æfingar eins og Amino og slíka drykki. Orkudrykkir eru langflestir mjög súrir og vondir fyrir tennurnar. Svo horfa unglingsarnir á auglýsingar þar sem afreks-íþróttafólk neytir slíkra drykkja og þeir trú á því að sjálfsgöðu að þeir séu hollir og stuðli að hreysti,“ segir Jóhanna.

Aðspurður að því hvort fólk sem neytir slíkra drykkja geti fyrirbyggt glerungseyðingu segir Vilhelm vatnsdrykkju besta kostinn.

„Við bendum þó á neyslu í hófi og ef þú ert að drekka súra drykki er alltaf betra að drekka þá með röri, þá fer þetta fram hjá tönnum og beinustu leið ofan í vélinda og tennurnar verða síður fyrir barðinu á sýrunni,“ segir Vilhelm. Gott sé að skola munninn með vatni eftir neyslu orkudrykkja. „Því að þetta liggur á tönnum lengi eftir að þú ert búinn að fá þér sopa. Svo er gott að fá sér eitthvað kalkríkt líkt og ost eða mjólk.“ – bðj

## Við skorumst ekki undan

**BREXIT** Þrátt fyrir útgöngu Breta mun ESB áfram mynda innri markað með 450 milljónir borgara og meira en 20 milljónir fyrirtækja og verður áfram, sem fyrr, stærsti veitandi þróunarstöðvar í heiminum. ESB muni áfram vinna að því að gera heiminn öruggari og sanngjarnari.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein Joseps Borrell, utarríkismálastjóra Evrópusambandsins,

og Michels Barnier, aðalsamningamanns ESB við Bretland, í Fréttablaðinu í dag.

Einnig vekja þeir máls á mikilvægi samstöðu ríkja á tímum loftslagsbreytinga, tölvuglæpa, hryðjuverka og ójöfnuðar. Þeir benda á að því meira sem Bretland geti unnið í takti við ESB og við aðila um allan heim, því meiri möguleikar séu á skilvirkni í þessum málum. Sjá síðu 9



Hildur Guðnadóttir hlaut í gærkvöldi BAFTA-verðlaunin fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Joker. Hildur hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir tónlist sína og er hún einnig tilnefnd til Óskarsverðlaunanna sem veitt verða 10. febrúar. Hildur geti þá orðið fyrsta konan til að hljóta Óskar í flokki kvikmyndatónlistar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns



# TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS




FRÍTÍMASLYS

HAFÐU SAMBAND



511 5008

## Veður



Austan 5-13 á sunnanverðu landinu, hvassast syðst, að mestu skýjað og stöku él. Hægari vindur og bjart veður norðan til, en þykkar upp með deginum. Frost víða 0 til 10 stig, en kaldara í innsveitum. **SJÁ SIÐU 18**



Birgir Jónsson, forstjóri Íslands-pósts. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ekki Póstsins að styrkja frjálsu fjölmiðlana

**VIÐSKIPTI** Íslandspóstur hafnar því alfarið að ákvörðun um að afnema sérstaka lága verðskrá fyrir dreifingu á blöðum og tímaritum sé pólitísk eða tekin til að gera frjálsu fjölmiðlum erfitt fyrir. Pósturinn hafi verið rekinn með tapi undanfarið ár og breytingin sé hluti af vinnu til að rétta reksturinn við.

Ákveðið var í lok janúar að afnema þessa sérstöku verðskrá fyrir dreifingu á blöðum og tímaritum. Það verður gert 1. maí og þurfa útgefendur þá að fara eftir almennri verðskrá, magnafslætti og öðrum almennum viðskiptaskilmálum sem gilda hjá fyrirtækinu.

Þá er tekið fram að Íslandspóstur sé í eigu ríkisins og rekið sem opinbert hlutafélag sem þýði að rekstur þess og ákvarðanatáka sé alfarið á viðskiptalegum grunni. Það sé ekki hlutverk stjórnar fyrirtækisins að hugsa um neitt annað en að félagið sé rekið á sem hagkvæmasta máta og skili ríkinu hámarks arðsemi á sama tíma og þjónusta við viðskiptavinum sé í forgrunni.

„Kostirnir sem Pósturinn hefur í þessu máli eru annað hvort að hækka verðskrána eða hætta á að fá á sig ákærur fyrir brot á samkeppnislögum. Að sjálfsögðu er eini raunverulegi kosturinn þá að hækka verðin,“ segir hann. – ókp

## Ekki rekin úr landi



Hinum sjö ára Muhammed Zohair og fjölskyldu verður ekki vísað úr landi til Pakistan í dag eins og til stóð, því dómsmálaráðherra hefur frestað öllum brottvísunum barna í tilvikum þar sem málsmeðferð hefur tekið yfir 16 mánuði. Fjöldi fólks kom saman í Vesturbæjarskóla í gær vegna málsins. Voru um átján þúsund undirskriftir til stuðnings fjölskyldunni afhentar síðar um daginn við dómsmálaráðuneytið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Enn skelfur við Grindavík

**JARÐHRÆRINGAR** Skjálfti af stærðinni 3,3 varð um sex kílómetra norð-norðaustur af Grindavík klukkan 19.54 í gærkvöldi. Var það þriðji skjálftinn af stærð þrjú eða stærri sem mælt hafði á þessum slóðum í gær áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Í færslu vaktahafandi jarðvísindamanns á Veðurstofu Íslands um hálfáttaleytið í gærkvöld sagði að áframhaldandi jarðskjálftavirkni væri að mælast í grennd við Grindavík en að töluvert hafi dregið úr hrinunni. Land héldi áfram að rísa vestan við Þorbjörn.

„Í heildina hefur land risið yfir 4 sentimetra frá 20. janúar síðastliðnum. Gervitunglamyndir sýna sömu þróun. Með landrísni má búast við áframhaldandi jarðskjálftavirkni. Líklegasta skýring þessarar virkni er kvikuinnskot á 3-9 km dýpi rétt vestan við Þorbjörn. Líklegast er að virkninni ljúki án eldsumbrota,“ sagði á vedur.is. – gar

# Lúxus á milljónir til styrktar góðu málefni

Ýmir Björgvin Arthúrsson og Hrefna Ósk Benediktsdóttir voru á góðgerðasamkomu í Los Angeles þar sem lúxusferð til Íslands seldist á jafnvirði tveggja og hálfar milljónar króna. Ýmir verður í Íslandspætti á Netflix í lok ársins.

**SAMFÉLAG** „Málstaðurinn er auðvit að frábær og svo er þetta líka frábær landkynning,“ segir Ýmir Björgvin Arthúrsson.

Ýmir ásamt eiginkonu sinni Hrefnu Ósk Benediktsdóttur, rekur ferðapjónustufyrirtækið Magical Iceland sem tók á dögnum þátt í stórrí góðgerðasamkomu í Los Angeles ásamt fleiri íslenskum fyrirtækjum.

Á góðgerðasamkomunni sem var til styrktar rannsóknum á slímseigjusjúkdómi (e. cystic fibrosis) seldist ferð til Íslands á 2,5 milljónir íslenskra króna.

„Uppboðið var haldið af California Wine Master og átti viðburðurinn þrjátíu ára afmæli í ár. Frá upphafi hefur verið safnað rúmum fjórum milljörðum í rannsóknir á sjúkdómnum og í ár var Íslandsferðin sá pakki sem seldist fyrir hæstu upphæðina, tvær og hálf milljón króna,“ segir Ýmir.

„Öll upphæðin rennur til málefnisins og allir sem að ferðinni koma gefa sína vinnu, vörur og þjónustu,“ segir hann. „Parið sem keypti ferðina er væntanlegt til Íslands í næstu viku,“ bætir Ýmir við.

„Fjöldi íslenskra fyrirtækja tók þátt í verkefninu og fær parið sem kemur til landsins núna í vikunni að upplifa allan þann lúxus sem landið okkar hefur upp á að bjóða,“ útskýrir Ýmir.

Aðspurður að því hvernig það kom til að taka þátt í verkefninu segir Ýmir að um hálfgerða tilviljun hafi verið að ræða.

„Við fórum í tvo túra með fimm manneskjur frá LA sem voru að ferðast hérna og þau voru alveg ótrúleg skemmtileg,“ segir Ýmir.

„Þau segja svo við mig að þau ætli að koma mér í samband við fólk í Hollywood og ég segi bara já flott



Ýmir og Hrefna í Magical Iceland hafa hug á að taka áfram þátt í góðgerðastarfi til styrktar rannsóknum á slímseigjusjúkdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Þau segja svo við mig að þau ætli að koma mér í samband við fólk í Hollywood og ég segi bara já flott af því að fólk segir oft svo margt en svo gerist ekki mikið meir.**

Ýmir Björgvin Arthúrsson í Magical Iceland

af því að fólk segir oft svo margt en svo gerist ekki mikið. En þau koma mér í samband við konu sem hefur stýrt þessum góðgerðasamtökum í tuttugu ár og úr verður að við Hrefna fórum til L.A. og tókum þátt í þessu verkefni,“ segir hann.

„Það er frábært að fá að taka þátt

í því að safna fyrir svona þarft málefni og á sama tíma er landkynningin frábær,“ segir Ýmir og bætir við að nú þegar hafi hann fengið ýmis önnur tækifæri í kjölfarið. Ýmir fór meðal annars í útvarpsviðtal í L.A. og ellefu milljónir manna hlustuðu.

„Upp úr þessu ævintýri hafði kvikmyndaframleiðandi samband við mig og hingað kom tókulið frá London ásamt frægum sjónvarpsþáttastjórnanda, Barry Livingstone. Þau tóku upp þátt hérna þar sem ég fór með þá í réttir og sýndi þeim einstök hótél hér á landi,“ segir Ýmir.

„Fyrir tveimur vikum var svo skrifað undir samning við Netflix um að þetta yrði tólf þátta sería sem byrjar í sýningum í lok þessa árs. Ísland verður fyrsti þátturinn og svo verða önnur lönd tekin fyrir í hinum þáttunum.“ [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

**ÚÚ**  
ÚRVAL ÚTSÝN

# PORTÚGAL Í HNOTSKURN

5. - 12. MAÍ  
EINSTÖK HRINGFERÐ UM PORTÚGAL  
MEÐ ÍSLENSKRI FARARSTJÓRN  
VERÐ FRÁ 299.900 KR.  
Á MANN M.V. FERÐ FYRIR TVO FULLORÐNA

NÁNAR Á [UU.IS](http://UU.IS) | [INFO@UU.IS](mailto:INFO@UU.IS) | SÍMA 585 4000

# RÝMINGARSALA Á NOTUÐUM BÍLUM

ALLIR Í GÓÐU STANDI • GÓÐ VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



### Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 43 þús.km.,  
bensín, 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.290.000**

Verð áður kr. 1.590.000 - kr. 300.000 afsláttur



### Honda Jazz Elegance

Nýskráður 7/2018, ekinn 3 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 2.490.000**

Verð áður kr. 2.990.000 - kr. 500.000 afsláttur



### Honda Civic 5dr Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 11 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 2.490.000**

Verð áður kr. 2.990.000 - kr. 500.000 afsláttur



### Honda Civic 4dr Comfort

Nýskráður 10/2017, ekinn 21 þús.km.,  
bensín, 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.990.000**

Verð áður kr. 2.390.000 - kr. 400.000 afsláttur



### Honda Jazz Comfort

Nýskráður 6/2016, ekinn 15 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 1.490.000**

Verð áður kr. 1.990.000 - kr. 500.000 afsláttur



### Honda CR-V Comfort

Nýskráður 10/2012, ekinn 139 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 1.490.000**

Verð áður kr. 1.890.000 - kr. 400.000 afsláttur



### Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 92 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 1.590.000**

Verð áður kr. 1.990.000 - kr. 400.000 afsláttur



### Peugeot 108 Active+

Nýskráður 8/2016, ekinn 36 þús.km.,  
bensín, 5 gírar.

**Tilboð kr. 690.000**

Verð áður kr. 890.000 - kr. 200.000 afsláttur



### Renault Captur

Nýskráður 9/2015, ekinn 53 þús.km.,  
dísel, sjálfskiptur 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.390.000**

Verð áður kr. 1.790.000 - kr. 400.000 afsláttur.



### Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km.,  
dísel, 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.590.000**

Verð áður kr. 1.990.000 - kr. 400.000 afsláttur.



### Honda Civic Tourer Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel,  
beinskiptur.

**Tilboð kr. 1.990.000**

Verð áður kr. 2.390.000 - kr. 400.000 afsláttur



### PEUGEOT 5008 style 7 manna

Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km  
dísel, sjálfskiptur 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.990.000**

Verð áður kr. 2.390.000 - kr. 400.000 afsláttur

LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL  
MEÐ FARNIR BÍLAR  
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

### Opnunartími

Mánudaga - föstudaga  
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga  
milli kl. 12:00 og 16:00

Opnið allan sólarhringinn  
á notadur.bernhard.is

**BERNHARD**  
NOTAÐIR BÍLAR  
Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • bernhard.is



## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Bílvelta á Suðurlandsvegi**  
Einn ökumaður var í bíl sem valt á Suðurlandsvegi í morgun. Sjúkrabíll var sendur á vettvang en ökumaðurinn er ekki talinn alvarlega slasaður.

**2 Enginn dauðadómur að greinast með kórónaveiruna**  
Haraldur Briem, fyrrverandi sóttvarnalæknir, segir að áhyggjur af kórónaveirunni svokölluðu ættu að vera í meðallagi. Einkennin séu lík flensueinkennum, veiran leggst helst á eldra fólk og fólk með undirliggjandi sjúkdóma.

**3 Neita ferðamönnum frá Kína innkomu í landið**  
Um 12 þúsund manns hafa nú smitast af kórónaveirunni og hafa 259 manns látist. Bandaríkin og Ástralía ihuga að loka landamærum sínum fyrir ferðamönnum frá Kína.

**4 Muhammed verður ekki vísað úr landi á morgun**  
Muhammed Zohair, sjö ára dreng, og fjölskyldu hans verður ekki vísað úr landi til Pakistan á morgun eins og fyrirhugað var. Dómsmálaráðherra hefur frestað öllum brottvísunum barna í tilvikum þar sem málsmeðferð þeirra hefur tekið meira en 16 mánuði.

**5 Standa með Muhammed: „Gerði það! Í nafni mannsku og mannúðar“**  
Yfir sex þúsund hafa skrifað undir áskorun til stjórnvalda um að hætta við að senda sjö ára gamlan dreng og fjölskyldu hans til Pakistan á mánuðaginn.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á [www.frettabladid.is#nyskraning](http://www.frettabladid.is#nyskraning) Það kostar ekkert.

# Hálft annað hundrað vildi breyta skráningu á kyni

**LÝÐFRÆÐI** Árið 2019 voru skráðar 2.767 breytingar á nöfnum einstaklinga í Þjóðskrá. Það er svipaður fjöldi og síðastliðin fimm ár, en að meðaltali hafa á milli 2.500 og þrjú þúsund einstaklingar breytt nafni sínu árlega á tímabilinu 2015-2020.

Frá því að ný lög um kynrænt sjálf-ræði tóku gildi þann 5. júlí 2019 fram til 10. janúar á þessu ári hefur borist 1.021 beiðni um nafnbreytingu til Þjóðskrár Íslands samkvæmt svari Þjóðskrár til Fréttablaðsins. Þá hafa



Þjóðskrá gerði 2.767 breytingar á nöfnum árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

156 manns óskað eftir breytingu á skráningu kyns í Þjóðskrá frá árinu 2017 fram í janúar 2020.

Árlega leita um fimmtíu manns til transteymis Landspítalans. Árið 2017 leituðu þangað 50 einstaklingar, árið 2018 fjórutíu og níu nýir einstaklingar og í fyrra 56. Fjöldinn spannar öll þau sem leita til teymisins óháð því hvaða ferli þau velja sér að greiningarferli loknu. Meðalaldur þeirra sem leituðu til teymisins er um 25 ár. – bj

# Skipulagsfulltrúi vísar andófi íbúa á Bergstaðastræti á bug

Ekki er tekið tillit til athugasemda fjölmargra húseigenda við Bergstaðastræti vegna áförmu um byggingu átta íbúða húss. Íbúar hafa áhyggjur af aukinni umferð, raski á framkvæmdatímanum, skuggavarp og telja að húsið falli ekki að götumyndinni. Skipulagsfulltrúi mælir með áformin verði samþykkt.

**SKIPULAGSMÁL** Umdeild nýbygging á Bergstaðastræti 27 virðist munu fá brautargengi hjá Reykjavíkurborg þótt áformunum sé andæft kröftuglega af húseigendum í götunni.

Væntanlegar framkvæmdir fela í sér að timburhús á Bergstaðastræti 27 verður fært á autt svæði sunnar á lóðinni og mjótt steinhús þar norðan við rífið. Síðan verður byggt fjögurra hæða steinhús með átta íbúðum.

Við meðferð málsins bærast fjölmargar athugasemdir frá nágroönum. Lúta þær meðal annars að því að nýja byggingin muni ekki falla að götumyndinni, viðkvæm hús muni geta skaddast vegna þess að sprengja þurfi í klöpp og að mörg bílastæði hverfi á sama tíma og íbúðum í götunni fjölgi. Þá benda íbúar handan götunnar sérstaklega á að skuggavarp hjá þeim muni aukast verulega.

Farið er yfir athugasemdir nágroönnanna í umsögn skipulagsfulltrúa. Þar er meðal annars bent á að íbúðum í nýja fjölbýlishúsinu hafi verið fækkað úr tíu í átta frá því málið fór í grenndarkynningu. „Það er faglegt mat skipulagsfulltrúa að uppbygging á lóðinni sé til bóta fyrir götumyndina,“ segir í umsögninni.

Skilningur er í umsögninni gagnvart áhyggjum af tímalengd framkvæmdanna. Varðandi hugsanlegt tjón verði að skrá ábyrgðaraðila á framkvæmdinni og verktrygging að vera til staðar. „Eðlilega fylgjast lóðarhafar nærliggjandi húsa með og leggja sjálfir fram kröfu gegn framkvæmdaraðila um bótarétt telji þeir ástæðu til.“

„Samkvæmt ákvæðum gildandi aðalskipulags geta íbúar Þingholt-



Bergstaðastræti 29 samkvæmt uppdrætti. Á myndinni hefur græna húsið verið fært til í lóðinni. MYND/GLÁMA KÍM

**●● Geta íbúar Þingholtanna frekar en aðrir borgarþúar ekki gengið að bílastæði vísu undir einkabilinn í borgarlandi.**

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

anna, frekar en aðrir borgarþúar, ekki gengið að bílastæði vísu undir einkabilinn í borgarlandi,“ segir skipulagsfulltrúinn um áhyggjur af vandamálum vegna aukins fjölda

bíla í götunni og bætir við: „Ekki er hægt að fullyrða í ljósi aukinnar umhverfisvitundar og aukinnar meðvitundar borgaranna á fjölbreyttum lífsmáta án einkabíls í borginni að væntanlegir íbúar á lóðinni muni allir sækjast eftir að eiga einkabíl.“

Í sumum athugasemdum er lýst áhyggjum af því að nýju íbúðirnar verði leigðar ferðamönnum í skammtímaleigu. Skipulagsfulltrúinn segir lóðarhafa Bergstaðastrætis 27 hafa, líkt og aðrir lóðarhafar í götunni, eða annars staðar í borginni við sambærilegar götur, fullan rétt á að nýta fasteign sína undir gististarf-

semi. „Hvorki skipulags- né byggingarfulltrúi hefur heimild né ástæðu til að draga úr rétti lóðarhafa í þá veru að banna skammtímaleigu við veitingu byggingarleyfis.“

Ekki er hljómgrunnur fyrir rökum um aukið skuggavarp í umsögn skipulagsfulltrúa. „Aukning á skuggavarp er nokkur á jafndægri en innan marka sem telja megi eðlilegt svo lengi borg eigi að geta vaxið og þróast með tímanum.“

Skipulagsfulltrúi leggur til að málið verði samþykkt en þó að undangenginni ítarlegri húsakönnun á lóðinni. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

jeep.is

## ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

**AFMÆLISTILBOÐ**

**JEEP® GRAND CHEROKEE**

**FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU**

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250 HÓ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

**AFMÆLISTILBOÐ VERÐ FRÁ: 10.390.000 KR.**

LISTAVERÐ VERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.

-FEBRÚAR-

# TRÍÓ

ÞESSAR ÞRIJÁR ERU NÚ Á  
SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI!



TILBOÐS-  
PIZZUR!



BAHAMAS



BAZAAR



SURPRISE



# FREE

# STÓRR-PIZZA-

PANTAÐ Á  
NETINU EÐA  
MEÐ APPINU  
OG GREITT  
FYRIRFRAM



# 1.790 KR.

ÁÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

# Arabar hafna friðaráætlun Trumps

Tillögur Trumps um frið Ísraela og Palestínanna boða viðurkenningu á palestínsku ríki og viðurkenningu á landtökubýggðum gyðinga. Ekki er víst að tillögurnar færi frið heldur ýti undir áframhaldandi átök á svæðinu. Palestínnumenn eru mjög ósáttir og Arababandalagið stendur með þeim.

**MÍÐAUSTURLÖND** Arababandalagið hefur hafnað friðaráætlun fyrir Ísraela og Palestínnumenn sem Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur lagt fram. Bandalagið segir að áætlunin myndi ekki leiða til réttláts samkomulags fyrir báða aðila.

Utanríkisráðherrar Arabaríkja, sem funduðu í Kairó í Egyptalandi um helgina, að beiðni Palestínnumanna, til að ræða áætlun forseta Bandaríkjanna um að binda enda á átök Ísraela og Palestínnumanna, hafa hafnað tillögnum.

Arababandalagið segist í tilkynningu ekki ætla að vinna með Bandaríkjunum að framgangi áætlunarinnar vegna þess að hún „uppfylli ekki lágmarks réttindi og væntingar Palestínnumanna“. Jafnframt er varað við að Ísraelar framkvæmi áætlunina með valdi.

Framkvæmdastjóri Arababandalagsins, Ahmed Aboul Gheit, var ómyrkur í máli um tillögur Bandaríkjanna. Hann segir að þær leiði til eins ríkis sem væri myndað af tveimur hópum íbúa. „Það er aðskilnaðarstefna, þar sem Palestínnumenn verða annars flokks ríkisborgarar, sviptir grundvallarréttindum ríkisborgararéttar,“ segir Gheit.

Tillögur ríkisstjórnar Trumps undir forystu Jareds Kushner, tengdasonar forsetans, um frið Ísraela og Palestínnumanna hafa verið þrjú ár í smíðum. Tillögurnar eru 50 blaðsíður ásamt landakortum. Þær boða viðurkenningu á palestínsku ríki en jafnframt viðurkenningu á umdeildum landtökubýggðum gyðinga. Palestínnumenn myndu halda 75 prósentum Vesturbakkans.

Ríkisstjórn Trumps hefur reynt að byggja upp samskipti við arabaríkin síðustu árin til að fá stuðning við friðaráætlanir sínar og að þrýsta á Palestínnumenn að koma aftur að samningaborðinu. Þessi viðleitni til að ná til arabaríkja virðist ekki ætla að takast.



Reiðir Palestínnumenn í borginni Hebron mótmæla tillögum Trumps sem fela í sér viðurkenningu á landtökubýggðum gyðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 138

aðildarríki Sameinuðu þjóðanna viðurkenna nú þegar Palestínuríki.

**Palestínnumenn mjög ósáttir.**

Heimastjórn Palestínnumanna hefur fordæmt og hafnað með öllu áætlun Trumps og kallað hana „samsæri“. Áætlunin treysti í sessi hernám Ísraelsmanna og brjóti gegn réttindum palestínsku þjóðarinnar. Mahmoud Abbas, forseti Palestínnumanna, segir Jerúsalem ekki vera til sölu. „Réttindi okkar eru ekki til sölu og ekki hægt að semja um,“ segir Abbas. Hann segir að öllum tengslum verði nú slitið við Ísrael og Bandaríkin, þar á meðal öllu öryggissamstarfi.

Palestínuríki er viðurkennt af 138 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og hefur frá árinu 2012 haft stöðu áheyrnarfulltrúa hjá SÞ sem felur í sér stöðu ríkis. Ísland varð fyrsta landið í Norður-Evrópu til að viðurkenna Palestínuríki árið 2011. Öll Norðurlöndin hafa formlega viðurkennt Palestínuríki. david@frettabladid.is

### Hvað er í tillögum Trumps um frið Ísraela og Palestínnumanna?

Friðaráætlun Donalds Trump sem hefur verið þrjú ár í smíðum, er unnin í samstarfi við Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísrael, og helsta keppinauts hans í stjórn máli Ísrael, Benny Gantz. Palestínnumenn hafa hins vegar ekki viljað taka þátt í mótun áætlunarinnar.

Tillögur ríkisstjórnar Trumps eru svokölluð „tveggja ríkja lausn“, það er að gert er ráð fyrir að komið verði á fót palestínsku ríki, Palestínnumenn viðurkenni tilvist Ísraelsríkis, Jerúsalem yrði höfuðborg Ísraela, en svæði í Austur-Jerúsalem yrði höfuðborg Palestínnumanna.

Gert er ráð fyrir að Palestínnumenn viðurkenni fullveldi Ísraela á landnámsbýggðum á Vesturbakkanum, en þær hafa Palestínnumenn og stór hluti alþjóðasamfélagsins talið ólöglegar. Allt að 400 þúsund gyðingar búa í landnemabýggðum á Vesturbakkanum og nálægt 200 þúsund í austurhluta Jerúsalem. Ísraelar yrðu að samþykka að fjölga ekki landtökubýggðum í fjögur ár á meðan viðræður standa yfir.



Það eru sterk bönd á milli Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, og Benjamíns Netanjahú, forsætisráðherra Ísrael. NORDICPHOTOS/AFP

Lagt er til að Jórdandalur verði viðurkenndur sem yfirráðasvæði Ísrael. Hann nær yfir um það bil fjórðung Vesturbakkans. Auk þessa yrði Gasaströndin tengd Vesturbakkanum með jarðgöngum. Þá fengju þeir svæði suður af Gasa. Ísrael myndi stjórna ytri

landamærum og loftrými, ásamt því að viðhalda öryggisstjórnvaldi í heild. Að auki hafa Bandaríkin og bandamenn talað fyrir því að styðja efnahagsuppbyggingu og atvinnusköpun Palestínu með allt að 50 milljarða Bandaríkjadala fjárframlagi. – ds

## Varar við kínverskum áhrifum í Mið-Asíu

**VIÐSKIPTI** Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hvatti í gær Kasakstan til að vera á varðbergi gagnvart kínverskum fjárfestingum og áhrifum. Þjóðir Mið-Asíu og önnur ríki yrðu að þrýsta á um að Kínverjar hætti kúgun minnihlutahópa.

Pompeo hefur undanfarið varað mörg ríki við áhrifum Kínverja. Kínverskum fjárfestingum fylgi skerðing á fullveldi og slíkt gæti skaðað framþróun ríkja til langs tíma. Pompeo segir Kasakstana eiga að hafa val um hvar þeir stundi viðskipti en bestum árangri ná þeir með samstarfi við bandarísk fyrirtæki.

„Verndun grundvallarmannréttinda skilgreinir sál hverrar þjóðar,“ sagði Pompeo og þakkaði Kasakstönnum fyrir að taka við þeim sem flúið hafa ofsóknir Kínverja. Hann



Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

segir að Bandaríkin hvetji öll ríki til að ganga til liðs við baráttu gegn þessari kúgun á minnihlutahópum Kína. „Við biðjum þá einfaldlega um að veita þeim sem reyna að flýja Kína öruggt skjól og hæli,“ sagði Pompeo.

Gert er ráð fyrir að Pompeo flytji Úsbekistan sömu varnadarorð, en þar mun hann funda í dag um öryggismál með utanríkisráðherrum fimm þjóða í Mið-Asíu. – ds


## Dauðsfall af völdum kóróna utan Kína

**HEILBRIGÐISMÁL** Maður á fimmtugsaldri lést úr lungnabólgu vegna kórónaveirusmits á sjúkrahúsi í Manila, höfuðborg Filippseyja, og er um að ræða fyrsta dauðsfallið af völdum veirunnar fyrir utan Kína.

Maðurinn sem lést var frá Wuhan og í fylgd með honum var 38 ára gömul kona sem líka er frá Wuhan og er hún einnig smituð af veirunni. Þau voru eina fólkið sem sem greinst hafði með kórónaveirusmit á Filippseyjum. Fólkið ferðaðist saman frá Wuhan til Filippseyja með viðkomu í Hong Kong.

Yfirvöld á Filippseyjum vinna nú að því að finna alla þá sem voru í sama flugi og maðurinn sem lést. Nauðsynlegt er að finna alla þá farþega og einangra þá, sem og hótélstarfsmenn á hótélum þar sem maðurinn og konan gistu.

Um 14.500 manns hafa smitast af



Kórónaveiran sem á upphaf sitt að rekja til Wuhan-borgar í Kína eins og hún birtist í smásjá. Veiran ber heitið er 2019-nCoV. NORDICPHOTOS/GETTY

kórónaveirunni og 305 hafa látist. Vírusinn hefur greinst í fólki víða um heim og hafa afleiðingarnar orðið margvislegar. Samkvæmt frétt AFP fréttastofunnar hafa neikvæð viðhorf til Kína og Kínverja vaxið hratt og hafa meðal annars margir kallað eftir ferðabanni á Kínverja.

Veitingastaðir í Suður-Kóreu,

Japan, Hong-Kong og Vietnam hafa margir hverjir neitað að taka við kínverskum viðskiptavinum og hópur fólks í Indónesíu safnaðist saman nærri hóteli í landinu þar sem þeir hvöttu Kínverja til að yfirgefa landið.

Frönsk og áströlsk dagblöð hafa þá verið gagnrýnd fyrir kynþátta fordöma í skrifum sínum. – ilk, bdj



STILLANLEG RÚM  
-20-50%

HÆGINDASTÓLAR  
-30%

LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG 20-50% AFSLÁTTUR



ILMKERTI  
-20%

## MIA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 99.888 KR

LAGAR SIG EINSTAKLEGA VEL AÐ  
LÍKAMANUM

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 132.340 KR

HEILSURÚM  
-20-50%

LÝKUR Á LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

30%  
AFSLÁTTUR



## COMO HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 30.450 KR

EINN LITUR, KREM

VERÐ ÁÐUR 43.500 KR

## HÍÐ SÍVINSÆLA CORINNA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 149.161 KR

VEITIR EINSTAKAN STUÐNING  
OG ÞYNGDARDREIFINGU

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 197.030 KR

# Veiran



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Nýliðinn janúar, einn dimmasti mánuður ársins, var óvenjulega tíðindamikill hér á þessu landi. Fjölmargir atburðir hafa orðið sem hafa rótað upp í hugum okkar. Illviðri, náttúruhamfarir og hörmuleg slys. Margir eiga um sárt að binda eftir þessi atvik og flestir eiga erfitt að setja sig í spor þeirra sem misst hafa ástvini, lífsviðurværi eða bíða milli vonar og ótta um afdrif slasaðra. Og suður með sjó byltir jörðin sér og ugg setur að íbúum svæðisins.

Við bættist svo að fréttir tóku að berast af smit-sótt sem upphaflega upptök sín í Wúhan í Kína í lok síðasta árs og hefur nú á undraskjótum tíma breitt sig um fleiri lönd og álfur.

Þeir sem komnir eru til vits og ára muna eftir SARS eða HABL, heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu, veirusótt sem geisadi árið 2003. Í byrjun febrúar það ár bárust fregnir af því að lungnabólgu af ókunnum völdum hefði orðið vart í Guangdonghéraði í Kína. Svo kom í ljós að orsök hennar var veira af nýjum stofni kórónaveiru, en veiran sú var þegar þekkt sem ein af fjölmörgum orsökum kvefs.

HABL breiddist út um Kína árið 2003 og svo til annarra landa og heimsálfa. Þegar faraldurinn var liðinn hjá höfðu nær 8.500 manns sýkst og yfir 800 látist af hennar völdum. Komið var í veg fyrir frekari útbreiðslu hennar með einangrun tilfella og að hafa uppi á öllum sem smitduðust og koma þeim í einangrun og rjúfa þannig smitleiðir.

Margt er líkt með HABL og Wúhan-veirunni nú. Þegar þetta er skrifað hafa nær fimmtán þúsund manns sýkst af veirunni og yfir þrjúhundruð eru látnir. Og staðfestar eru sýkingar hér í nágrenninu, í Skandinavíu og á Bretlandseyjum. Vart þarf að efast um að hún mun ná til landsins fyrr en varir.

Landsspítalinn hefur þegar gert ráðstafanir til að takast á við hana þegar svo verður. Í Fréttablaðinu á laugardag greinir frá umfangsmiklum aðgerðum í því skyni.

Það er ólíkt nú og þegar HABL var og hét að þeir sem verst verða úti vegna Wúhan veirunnar eru þeir sem veilir eru fyrir og hafa undirliggjandi sjúkdóma. Dánartíðni er því lægri en þá, eða um tveir af hundræði. Það dregur þó ekki úr alvarleika ástandsins.

Í öllum þessum ótíðindum er mikilvægt að við æðrumst ekki, heldur höldum ró okkar. Við búum vel af sérþekkingu heilbrigðisstarfsmanna hér heima og vitum að allt er gert sem skynsamlegt er til að verjast úrbreiðslunni. Jafnframt er ekki annað að sjá en að skipulag heilbrigðismála á heimsvísu sé traust og á vegum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar una menn sér ekki hvíldar í baráttunni gegn óværunni.

Við ættum því að geta haldið áfram okkar daglega lífi þó við gerum smávægilegar breytingar á háttum okkar. Í því sambandi hafa heilbrigðisfyrirvöld hér-lendis bent á mátt handþvottarins. Hann virki best sem vörn.

Ef dæma má af viðureigninni við HABL fyrir þrettán árum vitum við að ráðið verður að niðurlögum Wúhan veirunnar áður en langt um líður og hennar verður síðar aðallega getið í sögubókum, alveg eins og þá.



Í öllum þessum ótíðindum er mikilvægt að við æðrumst ekki, heldur höldum ró okkar.

## Halldór



## Frá degi til dags

Ein á varamannbekknum Óvenju margt var um varapingmanninn á Alþingi í síðustu viku þegar þingmenn voru úti um allar koppagrundir að sinna alþjóðastarfi en til að mynda voru Ásmundur Friðriksson, Bryndís Haraldsdóttir, Guðjón S. Brjáns-son, Halla Signý Kristjánsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Lilja Rafney Magnúsdóttir öll í Færeyjum á þriggja daga ráðstefnu Vestnorræna ráðsins. Öll kölluðu þau til varamann nema Ásmundur sem hélt þannig Unni Brá Konráðsdóttur, fyrrverandi forseta þingsins, fjárrí salnum. Þegar heim var komið var Ásmundur á faraldsfæti í kjördæminu og hafði gætur á veðri, jarðhræringum og almanna-vörnum af alkunnri festu.

**Sjálfstæður Suðurlandsskjálfti** Samkvæmt þingsköpum nýtur þingmaður ekki þingfarakaups meðan varamaður hans er á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum í að lágmarki fimm þingdaga en ekki er útilokað að prófkjörskjálfti sé kominn í Ásmund vegna kosninga á næsta ári og hann hafi því talið ráðlegt að halda Unni Brá utan kastljóssins, en nokkrir áberandi karlar í þingliði Sjálfstæðisflokksins hafa áður att kappi við hana í kjördæminu og iðulega haft betur. Allur er þó varinn góður. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is) [toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)

## Kvikmyndaborgin Reykjavík



Tatiana Hallgrímsdóttir nemi og kvikmyndaunandi

Bíó Paradís verður lokað frá og með 1. maí og öllu starfsfólki þess hefur verið sagt upp störfum. Svo hljóðuðu fréttir síðastliðinn fimmtudag um lokun starfsemi menningarhússins Bíó Paradís. Um árabíl hefur borgin beitt sér fyrir öflugu kynningarstarfi í þágu Kvikmyndaborgarinnar Reykjavík. Kynningar-deildin Film in Iceland, undir hatti Íslandsstofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðs, var sett á laggirnar sérstaklega til þess hampa Reykjavík sem vænlegum tókustað og til þess að auka sóknarfæri íslenskrar kvikmyndagerðar. Í ljósi þess að framtíð menningarhússins Bíó Paradísar er ógnað, velti ég fyrir mér hvort yfirvöld og borgarstjórn sjái virkilega ekki harminn í því að missa þessa mikilvægu stofnun sem er jafnframt eina kvikmyndahús sinnar tegundar á Íslandi. Svo ég vitni í Sigríði Pétursdóttur kvikmyndafræðing. „Eina kvikmyndahúsið sem sýnir fjölbreyttar kvikmyndir frá öllum heimshornum, sinnir kvikmyndaátíðum, og kvikmyndamenntun barna og unglinga. Framúrskarandi kvikmyndagerð þjóða verður ekki til í tómarúmi.“

Þegar ég starfaði hjá Alþjóðlegri kvikmynda-háttíð í Reykjavík fékk ég tölvupóst frá einum þekktasta gagnrýnanda samtímans, Peter Debruge hjá Variety. Hann vildi fræðast meira um Svarta sunnudaga, elskaði Bíó Paradís og sagði að andinn í húsinu veitti honum innblástur og það gerir hann svo sannarlega líka fyrir okkur sem elskum kvikmyndir. Bíó Paradís er vin í eyðimörkinni, staður þar sem við getum heimsótt gamla vini á borð við Bergman, Kubrick og Hitchcock og nýja vini á borð við Yorgos Lanthimos, Bong Joon Ho og Ari Aster. Staður sem fræðir og sameinar, staður þar sem ég hef hlegið og grátið. Nú þegar allir keppast óðum við að hylla velgengni Hildar Guðna, get ég ekki annað en velt vöngum yfir samvitund okkar sem þjóð. Þegar vel gengur viljum við vera Kvikmyndaborgin Reykjavík, en velgengnin er ekki einungis mæld í peningum eða verðlaunagripum. Kvikmyndaborgin Reykjavík þarf heimili fyrir kvikmyndirnar. Ávinningurinn er skýr og auðæfin eru ómetanleg.



Kvikmynda-borgin Reykjavík þarf heimili fyrir kvikmyndirnar.

## SAFNIÐ

» Á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ IS



# Við munum öll deyja

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Þessi fyrrsögn hljómar vissulega drungalega. Maður sér fyrir sér kufflklæddan öldung með staf hrópa þessi orð í húsasundi um nótt, augun hvít og beinaber spádómsfingur á lofti. Kaldur gustur á eftir. Svo hverfur hann tuldrandi inn í nóttina.

Manni finnst samt einhvern veginn eftir þennan janúarmánuð sem nú er nýliðinn að fá orð séu betur við hæfi en þessi. Þau eru auðvitað sönn. Ekkert er sannara, eins núturlegt og það er. Svo er þetta líka tilvitnun í Bubba. Eins og skáldið söng: Við munum öll deyja. Við munum stikna. Við munum brenna.

Ég veit ekki með það — stikna og brenna er svolítið tens — en svona

liður manni þó samt í öllu falli eftir þennan janúar. Lönd brenna. Vírus úr leðurblökum er að breiðast út. Jörð ris við Grindavík. Óveðrin hafa herjað á okkur eins og fylkingar Saurons. Á tímabili hefur maður hugsað hvort það sé yfirleitt upp á þetta land þúkkandi í janúar, eða heiminn yfirleitt, því alls staðar virðist allt einhvern veginn vera í köku. Jú, jú, bjartar hliðar voru einhverjar í janúar — afmælisveislur og ball — en heildarmyndin var samt svona: Mikið nefrennsli, stormar, hóstar og endalaus váleg tíðindi. Svona tíð minnir mann auðvitað á það fyrst og fremst hvað við, manneskjurnar, erum litlar og máttvana. Hendum inn í jöfnuna, ofan í bøl tíðarinnar, hamfarahlýnun og vaxandi spennu í heimspólitikinni og þar hafði það: Full ástæða er til mikillar auðmýktar og högværðar gagnvart hinum tilvistarlegu kringumstæðum sem okkur hafa verið skapaðar um þessar mundir sem mannkyni.

Maður er bara þakklátur, svei mér, því alltaf skal hún læðast aftan að manni, lífhræddum eins og maður er, sú hugsun, heyri maður fregnir

affuglaflensu, svínflensu, kórónavírus, ebóla eða einhverjum öðrum andstygglegum sjúkdómum, að svona geti siðmenningin — líf homo sapiens — hreinlega endað. Vírus stökkbreyttist. Allir kafna. Þögul hús. Tómir bílar. Hvítt suð í sjónvörpunum. Dagblöð fjúka á götunum. Búið. Tófan tekur við.

## Stressað blóm

Þetta er auðvitað bráðskemmtilegt. Maður er þetta eilífðar smáblóm í þjóðsöngnum. Þetta skjálfaði litla gras í kvæði eftir Matthías. Jörð ris við Grindavík og maður er í þeirri sömu andrá farinn að sjá fyrir sér opnar eldspúandi sprungur á þvers og kruss um Reykjanesið og mann sjálfan hlaupandi með börnin í fanginu, með nefrennsli, undan hvissandi hrauni í átt að sjó. Eða eitthvað. Stormurinn bylur á húsina í enn einni haustlægðinni og maður liggur andvaka uppi í rúmi og sér fyrir sér að í hverri andrá muni allar rúður springa og maður þurfi, óskrundi og æpandi — með nefrennsli — að koma fjölskyldunni í skjól og bjarga verðmætum. Svo springur allt

húsið og maður er fjúkandi úti á götu í náttbuxunum.

Fjölmiðlar ala á þessu. Það virðist liggja í eðli þeirra. Um leið og land ris rjúka þungbúnir fréttahaukar á vettvang. Fer ekki Grindavík undir hraun? Lokast ekki örugglega landið? Hvað ef eldgosid verður eitrad og eiturgufur leggjast yfir höfuðborgarsvæðið? Er til aðgerðaráætlun? Eru til súrefnisgrímur? Og hvað ef Wuhan-veiran kemur á sama tíma til landsins og það verður líka þrihliða kjarnorkustyrjöld milli Bandaríkjanna, Íran og Norður-Kóreu? Og sífrerinn í Síberíu bráðnar og andrúmsloftið fyllist af hláturgasi? Verður til nóg af mat í niðursuðudósum? Hver verður staðan á bráða-deildinni?

## Framheili vaknar

Fjölmiðlar verða auðvitað að spyrja. Þeim ber að taka hlutina alvarlega, velta upp verstu mögulegu atburðarásu og greina þær í hörgul. Það er hægt að hafa skilning á því. Það breytir hins vegar ekki hinu, að í svona tíð getur hin ofurdramatíska nálgun fréttamiðla um allan heim

orðið svo yfirþyrmandi að hún verður nánast spaugileg. Hamfarafíkn virðist skapast. Í gegnum myrkríð og snjóköfið tekst manni blessunarlega á stundum að rýna í eitthvað sem kalla má staðreyndir — gimsteina sem glitra einhvers staðar í haugi fyrrsagnanna — og viti menn, þær veita manni ró. Þessi kórónaveira er litlu skæðari en venjuleg inflúensuveira. Vissulega getur allt farið í steik, en þetta er alla vega það sem er vitað núna. Og þótt land risi við Grindavík eru sérfræðingar rólegir.

Dramatik endar oftast með því að framheili vaknar. Skynsemi talar. Febrúar kemur. Sól hækkar á lofti. Vissulega munum við öll deyja, einhvern tímann. Það er ekkert nýtt við það. Ákaflega ólíklegt er hins vegar að við munum öll deyja í einu, í stormi, eldgosid eða út af veirusýkingu. Og veröldin er alltaf hættuleg. Maður getur alltaf lent í einhverju mjög andstygglegu. Á endanum snýst tilveran mest um hina einföldustu hluti. Halda áfram. Anda. Brosa. Og síðast en ekki síst:

Muna að þvo sér um hendurnar. Þá er maður nokkuð góður.

# Við skorumst ekki undan



Josep Borrell utanríkismálastjóri Evrópusambandsins



Michel Barnier aðalsamningamaður ESB við Bretland

Þann 31. janúar 2020 yfirgaf Bretland Evrópusambandið. Við misstum þar með einn úr fjölskyldunni og þetta var sorgarstund fyrir okkur íbúa Evrópusambandsins – og svo sannarlega fyrir marga breska ríkisborgara. Samt sem áður höfum við ávallt borið virðingu fyrir þessari fullvalda ákvörðun 52 prósentu breskra kjósenda. Við hlökkum til að hefja nýjan kafla í samskiptum okkar.

Fyrsti febrúar var sögulegur dagur en um leið lítt dramatískur, þökk sé útgöngusamningnum sem við gerðum við Bretland en hann gerði okkur kleift að tryggja „snyrtilegt Brexit“. Þetta er lausn sem lágmarkar rask á höfum borgara okkar, fyrirtækja, stjórnsýslu – sem og samstarfsaðila á heimsvísu. Enn, að minnsta kosti.

## Bretland segir sig frá hundruðum alþjóðasamninga

Samkvæmt útgöngusamningnum tekur nú við aðlögunartímabil til ársloka hið minnsta. Á meðan tekur Bretland þátt í tollabandalagi og innri markaði ESB og framfylgir lögum okkar, þótt það sé ekki lengur hluti af ESB. Bretland mun einnig hlíta alþjóðasamningum Evrópusambandsins, eins og hefur verið tekið skýrt fram í opinberri orðsendingu okkar til alþjóðlegra samstarfsaðila, þar á meðal Íslands.

Með þessu aðlögunartímabili er komin ákveðin samfella í ferlið. Þetta var ekki auðsótt, í ljósi umfangs verkefnisins. Með því að kveðja sambandið er Bretland sjálfkrafa að kveðja hundruð alþjóðasamninga sambandsins sem hafa verið gerðir til hagsbóta fyrir aðildarríki þess. Þetta eru samningar um jafn fjölbreytileg málefni og friverslun, loftferðir,

sjávarútveg og borgaralegt samstarf um kjarnorkumál.

## Nýtt samband við gamlan vin

Nú þurfum við að endurskilgreina tengsl okkar við Bretland. Sú vinna hefst eftir að ESB-löndin samþykkja samningsumboð framkvæmdastjórnarinnar. Í því eru sett fram markmið okkar og metnaður til að vera í því nánasta sambandi sem mögulegt er, við land sem verður áfram bandamaður okkar, félagi og vinur.

Evrópusambandið og Bretland eru tengd í gegnum sameiginlega sögu, staðsetningu, menningu, sameiginleg gildi og grunnreglur og trú á reglufast fjölþjóðasamstarf. Samband okkar mun endurspeglja þessar tengingar og sameiginleg gildi. Við viljum mun meira en bara verslunar- eða viðskiptasamband. Við viljum til að mynda starfa saman að öryggis- og varnarmálum, sem er málaflokkur þar sem Bretland hefur reynslu og innviði er koma að mestu gagni sem hluti af stærri heild. Í bríðulum heimi áskorana og umbreytinga verðum við að ráðgast hvert við annað og vinna saman, bæði tvihliða og í alþjóðasamstarfi eins og hjá Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðaviðskiptastofnuninni, NATO eða G20.

Kannski er það klisja en sannleikurinn er sá að við þurfum að bregðast við alþjóðlegum áskorunum samtímans – loftslagsbreytingum, tölvuglæpum, hryðjuverkum og ójöfnuði – í sameiningu. Því meira sem Bretland getur unnið í takt við ESB og í takt við aðila um allan heim, því fleiri möguleika eigum við til að takast á við þessa hluti með skilvirkum hætti.

## Sterkari saman

Kjarni Evrópusambandsins er hugmyndin um að við séum sterkari þegar við stöndum saman. Að besta leiðin til að ná sameiginlegum markmiðum sé sú að samnýta úrræði okkar og framtakssemi. Brexit breytir þessu í engu og við munum hér eftir sem hingað til starfa eftir þessari hugsjón, sem 27 ríki. Í sameiningu munu aðildarríkin enn mynda innri markað með 450 milljónir borgara og meira en 20 milljónir fyrirtækja. Í sameiningu höldum við áfram að vera stærsta viðskiptaeining í heimi. Í sameiningu verðum við enn sem fyrr stærsti veitandi þróunaraðstoðar í heimi.

Félagar okkar geta verið þess fullvissir að við svikjumst ekki

undan skuldbindingum okkar. Við störfum áfram eftir samningunum sem tengja okkur við alþjóðlega bandamenn. Þar á meðal er EES-samningurinn, sem við höfum unnið eftir í aldarfjórðung með

**Kynningarfundur:** Vakin er athygli á að Landeldi ehf. stendur fyrir kynningarfundum á frummatsskýrslu fimmtudaginn 13. febrúar 2020 kl. 18:00 í Verslun, Ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn, allir velkomnir.

# Um LAND ALLT

með Kristjáni Mía



MÁNUDAGA

## Um land allt

Kristján Már Unnarsson snýr aftur með þessa frábæru þætti þar sem hann heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.

Tryggðu þér áskrift  
[stod2.is](http://stod2.is) | 1817

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1488** Bartholomeu Dias og áhöfn hans sigla fyrir Góðrar-vonarhöfða, fyrstir Evrópubúa.

**1605** Víkurkirkja í Reykjavík vígð af Stefáni Jónssyni Skál-holtsbiskupi.

**1917** Bandaríkin rifta stjórnámbandi við Þýskaland.

**1930** Útvegsbanki Íslands tekur við af Íslandsbanka hinum eldri.

**1944** Hótel Ísland við Aðalstræti í Reykjavík brennur til kaldra kola. Einn maður ferst í brunanum.

**1959** Rokkstjörnurnar Buddy Holly, Ritchie Valens og The Big Bopper farast í flugslysi.

**1981** Litla-Brekka við Suðurgötu í Reykjavík, síðasti torfbær borgarinnar, er rifinn. Þar bjó Eðvarð Sigurðsson alþingismaður.



Undirritun samninganna. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**1990** Þjóðarsáttin undirrituð.

**1991** Fárviðri gengur yfir Ísland og veldur miklu eignatjóni. Sterkasta vindhviða sem mælst hefur á Íslandi, 237 km/klst. mældist í Vestmannaeyjum.

**1944** Bandarískar sveitir taka Marshall-eyjar.



Andrés lét ekki tvær nýlegar liðskiptaaðgerðir aftra sér frá því að vitja eftirlegukinda. MYND/ÁSDÍS

## Árangursríkar eftirleitir

Andrés Helgason, bóndi í Tungu í Gönguskörðum, fann nýlega sextán eftirlegukindur og færði til byggða úr fjöllum Skagafjarðar. Sjálfur miklast hann ekki af því afreki.

**K**indurnar voru nú ekkert voðalega langt frá – þannig,“ segir Andrés Helgason, bóndi í Tungu í Gönguskörðum, þegar ég bið hann að lýsa fyrir mér eftirleitum sem hann fór aleinn í um vesturfjöll Skagafjarðar á dögnum, og skiluðu sextán kindum í hús. Feykir sagði frá. Viðurkennir samt að féð hafi ekki komið sér heim af sjálfsdáðum. „Ein kindanna náðist ekki heim í fyrra, hún var búin að vera á fjalli frá vorinu 2018.“

Andrés segir það hafa verið vitað frá því í haust að kindur hefðu orðið eftir á þessum slóðum. „Ég hafði ekki heyrt að nokkur hefði farið að vitja um þær, að minnsta kosti ekki eftir að tíð versnaði, svo ég fór að gá hvort ég yrði einhvers var, fann þessar sextán á þremur stöðum í svonefndu Stakkfelli og náði að sameina þær. Spurður hvort það hafi ekki verið erfitt fyrir einn mann svarar hann: „Ég þekki landið vel og þegar ég sá kindurnar staðsetti ég mig þannig að þær færu í rétta átt. Reyndi að koma þeim í skilning um að ég réði en ekki þær, stundum gengur það auðvitað misjafnlega. En ég kom þeim yfir á sem var á is og í annað fjall beint á móti sem heitir Hryggjarfjall. Þetta tók dálítinn tíma og það var byrjað að skyggja, því var enginn möguleiki að koma kindunum alla leið heim þann daginn. Svo var ekki veður til að vitja þeirra tvo næstu daga, hvasst og skafrenningur, en þriðja daginn komst ég – og þær voru á svipuðum slóðum og ég hafði skilið við þær.“

### Átti bara eitt lamb sjálfur

Andrés segir allt hafa gengið vel þennan seinni smölunardag líka. „Ég fer náttúrlega ekki í svona leiðangra nema í mjög góðu veðri. Það er ekkert hægt að eiga við skepnur ef það er leiðindaveður, eftir að þessi tími er kominn, þá er ómögulegt að ætla að reka þær eitthvað til.“

### Áttir þú allt þetta fé?

„Nei, ég átti ekki nema eitt lamb. Í hópnum var samtningur frá sjö eigendum, flest frá þremur hobbýbændum á Saudárkróki.“

Ertu eins og Fjalla-Bensi sem fór til bjargar sauðkindinni í skammdegínu, í hvers eigu sem hún var?



Þetta skrautlega fé var í hópnum sem Andrés bjargaði.

MYND/FEYKIR/HAFDÍS SKULADÓTTIR



Ég þurfti náttúrlega að labba líka, sums staðar er bratt og giljött og þar sem þessar kindur voru var landið svolítið erfitt yfirferðar, líka varasamt út af hálfu, maður varð að gæta að sér.

„Ég veit það nú ekki en ég hef farið nokkuð mikið til fjalla hér á haustin, bæði einn og með öðrum, enda hef ég alltaf átt heima á næsta byggða bóli við þau. Á öldum áður skiptu býlin tugum sem voru hingað og þangað um þessi fjöll, það síðasta fór í eyði 1912.“

### Kemstu um fjöllin á sleða núna?

„Já, það er ekkert vandamál, snjórenn er það mikill. Ég þurfti náttúrlega að labba líka, sums staðar er bratt og giljött og þar sem þessar kindur voru var landið svolítið erfitt yfirferðar, líka varasamt út af hálfu, maður varð að gæta að sér,“ segir Andrés og trúir mér fyrir því að hann hafi farið í tvær mjaðmaliðskiptaaðgerðir á nýliðnu ári, þá síðari í ágúst en telur sér ekki hafa orðið meint af smalamennskunni.

Voru kindurnar sæmilega á sig komnar?



Tungu í Gönguskörðum hét eitt sinn Skollatunga.

„Já, mér finnst með ólíkindum að það skyldi ekki verða meira tjón á þeim, miðað við hvernig tíðarferið er búin að vera, þær eru svolítið misjafnar en engin illa farin. Þær hafa verið ágætlega staðsettar, það hefur rífið af og þær náð að krafsa. Harðfennið er líka orðið það mikið að þær hafa komist dálítið um. Svo hefur aðeins hlánað annað slagið, þá hefur snjórn þiðnað úr þeim sem þær hafa fengið í hríðunum.“

Var ærin sem gekk úti í fyrra ekki í rúbaggga?

„Nei, hún hefur gengið úr reyfinu í sumar. Hún eignaðist lamb síðasta vor og kom með það.“

### Sluppu við mestu isinguna

Þetta hefur verið góður fengur, sextán kindur. Færðu ekki medalíu á þorablóttinu? „Nei, þetta er ekkert merkilegt. Ég er búinn að þvælast um þetta svæði síðustu fimmtíu árin og er margoft búinn að koma með kindur þaðan, kannski ekki oft svona stóran hóp. Það eru víða að koma kindur að á þessum árstíma, ein og tvær saman, jafnvel fleiri. Svo gengur ein og ein úti, það fer eftir því hvernig þær sleppa við veður. Þessar hafa verið ofan við mestu isinguna sem varð í stóra desemberveðrinu. Það hefur hjálpað. Bleyta og storka fara verst með skepnur sem eru úti, hvort sem það eru hross eða kindur. Þá getur myndast þykk klakaskel á þeim, bara eins og á rafmagnslinum og öðru. Þurrarið er betri. En ég er nokkuð viss um að eitt-hvað af fé hefur farið undir snjó.“

gun@frettabladid.is



Gunnar Þórðarson tónlistarmaður

ÞETTA GERÐIST: 3. FEBRÚAR 1975

## Listamannalaun til poppara í fyrsta sinn

Tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson var í hópi þeirra sem veitt voru listamannalaun þennan dag árið 1975. Það var í fyrsta skipti sem íslenskum popp- eða rokk-tónlistarmanni hlotnaðist slíkur heiður. Var það þó mál manna að Gunnar væri vel að þeirri viðurkenningu kominn.

Gunnar Þórðarson var einn af stjórnunum í Hljómum frá Keflavík og í

framvarðarsveit poppara á þessum tíma. Reyndar hafði hann verið í fremstu röð í þeim geira í meira en áratug þegar hér var komið sögu, og var dáður og dýrkaður af þeim hluta þjóðarinnar sem tilheyrði bitlakynslóðinni. Hann var líka orðið eitt mikilvirkasta tónskáld á sviði popptónlistar og lög eins og Þú og ég, Fyrsti kossinn og Bláu augun þín höfðu notið gifurlegra vinsælda.



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

### Hallfríður Bjarnadóttir

Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á dvalarheimilinu Grund

mánudaginn 20. janúar 2020.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í

Reykjavík miðvikudaginn 5. febrúar klukkan 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en bent er á

Landspítala/Minningarkort.

Fjölskyldan.

# FISK-BÚAR

(FEBRÚAR)

GLÆNÝ HROGN  
OG ÝSUFLÖK

**1.790** KR/KG



**BORÐUM  
HOLLANN  
FISK Í  
FEBRÚAR**



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



# SALTVATNSPOTTAR

**NOTA SALTVATN Í  
STAÐ KLÓRS**



**HEITIRPOTTAR.IS**

**HÖFÐABAKKI 1**

**SÍMI 7772000**

# FRÁBAER

Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL



**Intel® Pentium™**  
Silver N5000 Quad Core  
**15" FHD LED**  
Anti Glare - 1920x1080  
**8GB minni**  
DDR4 2400MHz  
**256GB SSD**  
SATA3 diskur

**Lenovo**

**Ideapad S145**

Ný kynslóð þynnri og léttari fartölva frá Lenovo, aðeins 1.85kg með 6 tíma rafhlöðu og Dolby Audio hljóðkerfi

**69.990**

Dolby hátalarakerfi með hörku hljómgæðum



**Intel® Core™ i5-1035G1 Processor**  
**14" FHD IPS**  
Ultra-Narrow og Privacy Shutter  
**8GB minni**  
DDR4 2666MHz  
**256GB SSD**  
NVMe diskur

**Lenovo**

**Intel® Core™ i7-1065G7 Processor**  
**14" FHD IPS**  
Ultra-Narrow og Privacy Shutter  
**8GB minni**  
DDR4 2666MHz  
**512GB SSD**  
NVMe diskur

**Ideapad S340**

Ný lúxus kynslóð með baklýstu lyklaborði, 10 tíma rafhlöðu með hraðhleðslu og Dolby Audio hljóðkerfi

**119.990**

Öflug lúxus lína sem kemur í 4 eðal litum

**Ideapad S340**

Nýja lúxus línan með enn öflugri tíundu kynslóðar Intel i7 örgjörva, físlétt og örpunn úr hertu áli

**139.990**

Örpunn lúxus lína sem er aðeins 1.55kg



**Intel® Core™ i5-9400F Processor**  
**RTX 2060**  
6GB GeForce leikjaskjá kort  
**16GB minni**  
DDR4 2666MHz  
**512GB SSD**  
NVMe diskur

**LEGION**

**LEGION T530**

Öflugur leikjaturm með Dolby Atmos Sound Radar

**179.990**




**Intel® Core™ i7-9750H Processor**  
**RTX 2060**  
6GB GeForce leikjaskjá kort  
**16GB minni**  
DDR4 2666MHz  
**512GB SSD**  
NVMe diskur

**LEGION**

**LEGION Y540**

Öflug örpunn leikjafartölva með 6 kjarna i7 örgjörva

**249.990**



**SONY**

**49" SONY XG70**  
4K X-Reality PRO HDR10 og S-Force Front Surround

**49" SONY XG70**

4K X-Reality PRO HDR10 og S-Force Front Surround

**99.990**



**PS4 PRO 1TB**  
Pro útgáfan af þessari vinsælu leikjatölvu

**59.990**



**LEIKJAMÚS 0-**  
Model 0 minus frá Glorious PC Gaming Race

**9.990**



**25" FHD SKJÁR**  
BenQ GL2580H skjár á frábæru verði

**19.990**



**ÍPRÓTTAHEYRNARTÓL**  
Plantronics BackBeat FIT3100 BT5.0

**24.990**



**GPS KRAKKAÚR**  
Vinsælu Wonlex krakkaúrin, IP67 vatnsheld

**9.990**

Opnunartímar  
Virka daga 10-18  
Laugardaga 11-16

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900  
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# FEBRÚAR

## LANDSINS AF ÖLLU FYRIR TÖLVUNA

3. febrúar 2020 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsáttarvillur og myndbreytingu



### AMAZFIT Stratos 3

Fullkomið íþróttatúr með hjartarita, svefnmæli og snertiskjá fyrir aðgerðir, allt að 50m vatnsvörn!

**44.990**

Spilar tónlist án síma!  
Allt að 14 daga rafhlaða

### AMAZFIT GTR47

Glæsileg heilsu/snjallúr með öllum eiginleikum sport úra ásamt fullkomnum snjall eiginleikum

**34.990**

Ný tækni skilar allt að 24 daga rafhlöðu!

### AMAZFIT GTR42

Ótrúlega nett ál útgáfa af okkar vinsælasta snjallúri, þynnra og aðeins 25gr. fánlegt í 4 fallegum litum

**32.990**

Með allt að 12 daga rafhlöðuendingu



### AMAZFIT GTS 43mm

Lúxus heilsu- snjallúr með 50m vatnsvörn, 14 daga rafh.

**29.990**



### AMAZFIT BIP

Heilsu- og snjallúr með allt að 45 daga rafhlöðu!

**14.990**



### MI BAND 4

Ótrúlegt íþróttatúr með hjartarita, svefnmæli ofl.

**9.990**

**AMAZFIT**

SENDUM FRÍTT  
Um land allt allar  
vörur allt að 10 kg.



**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900  
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Reykjavík  0   4 °C   ←	Ísafjörður  -5   1 °C   ↘	Akureyri  -7   2 °C   ↑
Egilsstaðir  -2   1 °C   ↘	Kirkjubæjarkl  0   2 °C   ↘	Hveravellir  -8   2 °C   →

Austan 5-13 á sunnanverðu landinu, hvasst syðst, að mestu skýjað og stöku él. Hægari vindur og bjart veður norðan til, en þykkar upp með deginum. Snjócoma með köflum sunnanlands og él við austurströndina, annars úrkomulítið. Frost víða 0 til 10 stig, en kaldara í innsveitum.

## Þriðjudagur

Reykjavík  2   4 °C   ↑	Ísafjörður  -2   6 °C   ↗	Akureyri  -1   2 °C   ↑
Egilsstaðir  -2   2 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  -1   1 °C   ↑	Hveravellir  -7   7 °C   ↑

## Miðvikudagur

Reykjavík  6   6 °C   ↑	Ísafjörður  -2   2 °C   ↗	Akureyri  0   1 °C   ↑
Egilsstaðir  2   1 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  5   5 °C   ↗	Hveravellir  2   8 °C   ↑

### LÉTT

	1	4		2			
	2			4		9	5
3	5				6		
			1		9	6	
8	4	9		2			
7			5		2		
		5	7	4		2	
					4	1	
	9	6		1	7		

### MIDLUNGS

		7	3		8	4	6	9
2		3				5		1
			6			2		
6		4					3	
			4			7		2
3		8	5	4				
5			7		3		9	
7				9	2			4

### PUNG

1	7						2	4
4						2		
	5	9	3					
9				3	7			8
	1	4		2	9		3	
8			9	6				5
				1			3	
		5		8				1

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- Fet
- Fugl
- Vist!
- Krydd
- Í röð
- Einkar
- Eigind
- Hluta
- Ásjóna
- Dyntur

### LÓDRÉTT

- Staðla
- Drykkjarlát
- Stigandi
- Fell
- Skilgreina
- Trossa
- Lyktir
- Mein
- Rómversk tala

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. skref, 5. arfi, 6. ju, 8. múska, 10. rs, 11. utlita, 9. kaðall, 12. endi, 14. und, 16. ll.  
LÓDRÉTT: 1. samræma, 2. krús, 3. ris, 4. fjall, 7. all, 12. eðli, 13. muna, 15. andlit, 17. dilla.

## Skák Gunnar Björnsson

Opcensky átti leik gegn Hromadka í Kaschau árið 1931

- Hxd5+! cxd5 2. Rd3+! exd3 3. f4# 1-0.

Skákþingi Reykjavíkur lauk í gær. Sigurbjörn Björnsson hafði tryggt sér titilinn fyrir síðustu umferð. Vel heppnað TORG-mót Fjölnis fór fram um helgina. Úrslit á skak.is.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

### Hvítur á leik




1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Geljan



## Barnalán




**STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR KYNIR:**

# MARIA BAPTIST

→ BEINTFRÁ BERLÍN

23. febrúar KI. 20.00 Silfurberg



## Kraftmikill Adler-Olsen

### BÆKUR

#### Fórnlamb 2117



#### Jussi Adler Olsen

**Þýðandi:** Magnea J. Matthíasdóttir

**Útgefandi:** Vaka-Helgafell  
Fjöldi síðna: 504

Fórnlamb 2117 er áttunda bók danska glæpasagnahöfundarins Jussi Adler-Olsen um Deild Q, sérdeildina innan dönsku lögreglunnar. Bókin verður seint sögð tíðindalaus. Hver atburðurinn rekur annað og skipt er ört milli persóna. Helstu tíðindin í huga lesenda eru þó sennilega þau að hulunni er svipt af hinum dularfulla starfsmanni deildarinnar, Assad. Til að spilla ekki fyrir lestrinum skal því einungis sagt hér að hann upplýsir í sögunni um uppruna sinn og einkalíf. Á sama tíma vofir yfir honum hefnd óvinar hans.

Í þessari spennandi bók vefja atburðir upp á sig vegna fréttaljósmynda af látinni flóttakonu á strönd Miðjarðarhafsins, sem tækifærisinnnaður blaðamaður ákveður að gera sér mat úr. Á sama tíma hefur ungur maður lokað sig inni í herbergi sínu í Kaupmannahöfn og neitar að hleypa foreldrum sínum inn. Hann er að undirbúa fjöldamorð. Ghaalib, böðull frá Írak, er síðan önnur kafinn við að skipuleggja hryðjuverk sem kosta munu saklausa borgara lífið. Carl Mörck og félagar í Deild Q, ekki síst Assad, hafa því ýmislegt við að iðja.

Hinn margverðlaunaði Adler-Olsen hefur sýnt og sannað á liðnum árum að hann er fantagóður glæpasagnahöfundur og nægir að nefna því til sönnunar bækur eins og Konan í búrinu og Flöskukeyti frá P sem eru frábærar glæpasögur. Hann hefur stígað feilsþor á ritvellingum, en sannarlega ekki mörg. Í þessari bók er hann í góðum gir.

Assad er afar vel heppnuð persóna og hér fær lesandinn innsýn í óhuggulega fortíð sem Assad getur ekki annað en verið fastur í. Carl Mörck fellur þó nokkuð í skuggann af Assad en lesandinn fær því meiri áhuga á lánlausa blaðamanninum, sem er reyndar í byrjun langt frá því að vera samúðarfull persóna. Hann ratar í því líkar raunir að það þarf hjartalaus lesanda til að finna ekki til með honum. Ungi maðurinn sem hyggur á fjöldamorð er síðan verulega óhugguleg persóna. Mesta illmennið, Ghaalib, verður hins vegar ekki meira en hver önnur steriótýpa af blóðþyrstum morðingja.

Undir lokin fer atburðarásin að dragast nokkuð á langinn. Það breytir þó engu um að hér er komin ágæt glæpasaga.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Viðburðarík og spennandi glæpasaga sem ætti að gleðja aðdáendur höfundarins.

## Hugleitt í listasafni

Listhugleiðsla verður á Listasafni Einarssonar í hádeginu á þriðjudögum. Safngestum verður boðið að hugleiða við ákveðið verk eftir Einar og þiggja fræðslu um það í kjölfarið. Í listhugleiðslu gefst gestum tækifæri á forvitnilegri safnaupplifun sem miðar að því að hægja á og taka aðeins eitt verk inn í einu. Með þessu móti fær fólk tíma til að skynja, njóta og uppgötva, nokkuð sem hlýtur að teljast eftirsóknarvert í hinum háværa og hraða samtíma okkar.

Umsjón með listhugleiðslunni hefur Halla Margrét Jóhannesdóttir.



Halla Margrét Jóhannesdóttir hefur umsjón með hugleiðslunni.

Hún starfar sem safnvörður á Listasafni Einarssonar, en er einnig leikari og rithöfundur og hefur jafnframt yogakennararéttindi. Listhugleiðslan hefst stundvíslega klukkan 12.10 og lýkur klukkan 12.50.

Gestir á viðburðinn greiða fyrir aðgang að safninu og gildir miðinn á hugleiðsluhádeggin út mánuðinn. Aðgangseyrir er 1.000 krónur en 500 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja. Á safninu eru stólar og litlar sessur en kjósi gestir að taka með sér hugleiðslupúða eða yogadýnur er það velkomið.

## FRÆÐSLUFUNDIR SA 2020

# STARFSMANNAMÁL OG KJARASAMNINGAR

Samtök atvinnulífsins bjóða félagsmönnum sínum upp á fræðslufundi um starfsmannamál og kjarasamninga sem gagnast öllum sem hafa starfsmannamál á sinni könnu. Farið verður yfir fjölbreytt efni og fyrirspurnum svarað. Fundað verður um allt land.

### Meðal þess sem verður fjallað um:

- Ráðning starfsmanna
- Helstu réttindi og skyldur starfsmanna og vinnuveitanda
- Vinnutímastytting Lífskjarasamningsins 2019-2022
- Uppsagnir og starfslok
- Orlofsréttur
- Veikindi og vinnuslys

Lögfræðingar á vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins sjá um fræðsluna.

Reykjanesbær	Þriðjudagur	4. febrúar kl. 9.00-12.30
Borgarnes	Fimmtudagur	6. febrúar kl. 12.30-16.00
Akureyri	Fimmtudagur	13. febrúar kl. 10.00-13.30
Sauðárkrúkur	Föstudagur	14. febrúar kl. 10.00-13.30
Reykjavík	Þriðjudagur	18. febrúar kl. 9.00-12.30
Ísafjörður	Fimmtudagur	20. febrúar kl. 12.00-15.30
Selfoss	Fimmtudagur	5. mars kl. 12.30-16.00
Vestmannaeyjar	Miðvikudagur	11. mars kl. 9.00-12.30
Egilsstaðir	Fimmtudagur	12. mars kl. 12.30-16.00
Höfn í Hornafirði	Miðvikudagur	18. mars kl. 12.30-16.00

Sjá nánar á [www.sa.is](http://www.sa.is)



Fundirnir eru opnir starfsfólki aðildarfyrirtækja SA. Vinsamlegast skráið þátttöku á [www.sa.is](http://www.sa.is).



## DAGSKRÁ

## Mánudagur

**Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.**

**TVÖFÖLD VIRKNI**

FYLLIR  
LOKAR  
VERNDAR  
STYRKIR

**GUM**  
SensiVital+

## Er jeppinn rafmagnslaus?

Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR** **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

## GRAFÍSK HÖNNUN

**Lógó  
bréfsefni  
bæklingar  
myndskreytingar  
merkingar ofl.**

**XPRENT**  
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

**ALLT fyrir listamanninn**

**Verkfæralagerinn**

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## HRINGBRAUT

**20.00 Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.

**20.30 Fasteignir og heimili** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.

**21.00 21 - Fréttabáttur á mánu- degi 21** er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendrar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

**21.30 Kíkt í skúrinn** Frábær bílaþáttur fyrir bíladellufólkið: Kíkt í skúrinn með Jóa Bach.

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Gettu betur 1992 - Úrslit. MA - VMA**

**14.20 Maður er nefndur** Hjörleifur Guttormsson

**15.00 Út og suður**

**15.30 Af fingrum fram - Stefán Hilmarsson**

**16.15 Drengjaskólinn**

**16.45 Silfríð**

**17.50 Tákn málsfréttir**

**18.00 KrakkaRÚV**

**18.01 Eysteinn og Salóme**

**18.13 Simon**

**18.18 Letibjörn og læmingjarnir**

**18.25 Flugskólinn**

**18.47 Tulipop - Drunur í Krakutá**

**18.50 Krakkafréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.25 Íþróttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**19.50 Menningin**

**20.05 Górrillufjölskyldan og ég** Heimildarmynd í tveimur hlutum frá BBC þar sem tókumaðurinn Gordon Buchanan ferðast til Kongó og kynnis sér stærstu górrillur heims.

**21.05 22. júlí** Norsk leikin þáttaröð í sex hlutum um hryðjuverkin í Útey þann 22. júlí 2011. Í þáttunum er fylgst með atburðum sem áttu sér stað í kjölfar hryðjuverkaárásarinnar, með augum þeirra sem þurftu að takast á við afleiðingar hennar í gegnum starf sitt, meðal annars heilbrigðisstarfsfólks og réttargæslufólks. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00 Tiufréttir**

**22.15 Veður**

**22.20 Hollywood og seinni heimstyrjöldin - Hollywood and World War II** Heimildarmynd sem varpar ljósi á hvernig kvikmyndaiðnaðurinn í Hollywood var notaður til að dreifa áróðri bandarískra stjórnvalda á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Í brennidepli eru fjórir Hollywood-leikstjórar af evrópskum uppruna sem fóru til Evrópu að leikstýra áróðursmyndum fyrir bandaríska herinn og hættu með því lífi sínu. Leikstjórnarnir fjórir eru William Wyler, Frank Capra, Anatole Litvak og Billy Wilder.

**23.50 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**08.30 PGA Tour** Útsending frá Waste Management Phoenix Open.

**13.30 Saudi International** Útsending frá Saudi International.

**18.00 PGA Highlights**

**18.55 PGA Tour** Útsending frá Waste Management Phoenix Open.

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**

**08.45 The Late Late Show**

**09.30 Síminn + Spotify**

**12.00 Everybody Loves Raymond**

**12.20 The King of Queens**

**12.40 How I Met Your Mother**

**13.05 Dr. Phil**

**13.50 The Neighborhood**

**14.15 The Biggest Loser**

**16.00 Malcolm in the Middle**

**16.20 Everybody Loves Raymond**

**16.45 The King of Queens**

**17.05 How I Met Your Mother**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 The Late Late Show**

**19.00 America's Funniest Home Videos**

**19.20 Speechless**

**19.45 The Good Place**

**20.10 A Million Little Things**

**21.00 The Capture**

**21.50 Blue Bloods**

**22.35 Love Island**

**23.20 The Late Late Show**

**00.05 Love Island. Aftersun**

**00.50 NCIS**

**01.35 FBI**

**02.20 Evil**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**

**06.50 Morgunvaktin**

**07.00 Fréttir**

**07.30 Fréttayfirlit**

**08.00 Morgunfréttir**

**08.30 Fréttayfirlit**

**09.00 Fréttir**

**09.05 Segðu mér**

**09.45 Morgunleikfimi**

**10.00 Fréttir**

**10.03 Veðurfregnir**

**10.13 Flugur Atlanta Rhythm Section**

**11.00 Fréttir**

**11.03 Mannlegi þátturinn**

**12.00 Fréttir**

**12.02 Hádegisútlit**

**12.20 Hádegisfréttir**

**12.40 Veðurfregnir**

**12.50 Dánarfregnir**

**12.55 Samfélagið**

**14.00 Fréttir**

**14.03 Til allra átta - Flestir að austan.**

**15.00 Fréttir**

**15.03 Styrjaldir - skemmtun og skefning**

**16.00 Síðdegisfréttir**

**16.05 Hátalarinn**

**17.00 Fréttir**

**17.03 Lestin**

**18.00 Spegillinn**

**18.30 KrakkaRÚV**

**18.50 Veðurfregnir**

**18.53 Dánarfregnir**

**19.00 Myrkir músikdagar 2020. Kafka Fragments og ástarvióla**

**20.35 Mannlegi þátturinn**

**21.30 Kvölddags. Hjarta- staður. Prettandi lestur**

**22.00 Fréttir**

**22.05 Veðurfregnir**

**22.10 Samfélagið**

**23.05 Lestin**

**00.00 Fréttir**

**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.30 Trumbo**

**11.30 Darkest Hour**

**13.35 Almost Friends**

**15.15 Trumbo**

**17.15 Darkest Hour**

**19.20 Almost Friends**

**21.00 The Dark Knight Rises**

**23.40 Sleight**

**01.10 Aftermath**

**02.45 The Dark Knight Rises**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**

**08.20 Gilmore Girls**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 Suits**

**10.10 The Detail**

**10.55 Eldhúsið hans Eypórs**

**11.25 Landnemarnir**

**12.05 Gulli byggir**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The X-Factor**

**13.45 The X-Factor**

**15.15 The X-Factor**

**16.20 The Truth About Your Teeth**

**17.20 Mom**

**17.40 Bold and the Beautiful**

**18.01 Nágrannar**

**18.26 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.51 Sportpakkinn**

**18.55 Ísland í dag**

**19.10 Um land allt**

**19.45 Grand Designs Australia 8**

**20.40 Silent Witness**

**21.35 The Outsider**

**22.35 Ballers**

**23.00 60 Minutes**

**23.45 Bancroft**

**00.35 Castle Rock** Önnur þáttaröð þessa frábæru sálfræðitrylla úr smiðju J.J. Abrams sem byggðir eru á sagnaheimi Stephen King. Sögusviðið er sem fyrr smábærinn Castle Rock í Maine þar sem dularfullir atburðir eru daglegt brauð.

**01.25 Boardwalk Empire** Fjórdi þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem reði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.

**02.25 Boardwalk Empire**

**02.30 Boardwalk Empire**

**03.30 Boardwalk Empire**

## STÖÐ 3

**19.10 Schitt's Creek**

**19.35 Fresh Off The Boat**

**20.00 Friends**

**20.25 Seinfeld**

**20.50 Schitt's Creek**

**21.15 American Horror Story. 1984**

**21.55 The Hundred**

**22.40 Hand í hand**

**23.25 Random Acts of Flyness**

**23.55 Fresh Off The Boat**

**00.20 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Udinese - Inter**

**08.40 Valencia - Celta Vigo**

**10.20 Derby - Stoke**

**12.00 KA - HK** Útsending frá leik í Olís deild karla.

**13.30 FH - Haukar** Útsending frá leik í Olís deild karla.

**15.00 Super Bowl LIV**

**17.35 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.

**18.05 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.

**18.35 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.

**19.05 Stjarnan - Grindavík** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.

**21.15 Seinni bylgjan** Markaðbáttur Olís deildarinnar.

**23.00 Dominos Kórufuboltakvöld** karla

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.35 Sampdoria - Napoli** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Páskafærðir

# Costa Blanca

ALICANTE • BENIDORM • CALPE • ALBIR • TORREVIEJA



Verð frá kr.

**109.995**



Flug frá kr.

**69.900**

báðar leiðir m/tösku



Verð frá kr.

**123.995**



**BÓKAÐU SÓL**  
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,  
taska og handfarangur  
innifalið.



**BENIDORM**  
7. APRÍL Í 10 NÆTUR

Hotel Dynastic \*\*\*

FRÁ KR. **109.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
**123.995** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Hálf tæði.



**ALBÍR**  
7. APRÍL Í 10 NÆTUR

Albir Playa Hotel & Spa \*\*\*\*

FRÁ KR. **119.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
**142.970** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.



**TORREVIEJA**  
7. APRÍL Í 10 NÆTUR

Hotel Playas de Torrevieja \*\*\*

FRÁ KR. **128.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
**145.295** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.



**CALPE**  
5. APRÍL Í 12 NÆTUR

Sutiopia Hotel \*\*\*\*

FRÁ KR. **169.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
**207.685** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.



**ALTEA**  
7. APRÍL Í 12 NÆTUR

Hotel Cap Negret \*\*\*\*

FRÁ KR. **149.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
**173.245** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.



**ALICANTE**  
5. APRÍL Í 12 NÆTUR

Hotel Maya Alicante \*\*\*

FRÁ KR. **174.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn  
**190.885** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.

Blirt með fyrirvara um þrennvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)

**Heimsferðir**  
-fáðu meira út úr fríinu

DORMA

Láttu drauminn ræstast

LOKAVIKAN  
Ekki missa af þessu!

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

www.dorma.is  
VEFVERSLUN  
ALLTAF  
OPINJanúar  
útsala { ALLT AÐ  
60%  
AFSLÁTTUR }

C&amp;J SILVER stillanlegt rúm

Práðlaus fjarstýring  
með 2 minnisstillingumÚTSALA  
20%  
AFSLÁTTUR  
af Rest Luxury dýnu og  
15% af C&J Silver  
botniCharlotte Julien  
Dream your world™

C&amp;J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hjóðlátum mótör.

Rúminu fylgir práðlaus fjarstýring með tvöföldu minni og ljósi. Margir nota annað minnið fyrir svefnstillingu. Seinna minnið er svo t.d. notað fyrir lestur eða sjónvarpsáhorf. Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.

Sérstakur takki kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI: 2 x 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm  
með Nature's Rest Luxury heilsudýnum: Fullt verð: 337.800 kr.

Aðeins 283.140 kr.

PURE COMFORT  
teygjulaMjúkt og gott teygjula  
fyrir allar dýnustærðir.  
Langir bómullarþræðir  
 tryggja góða endingu. 95%  
bómull, 5% lycra. Má þvo á 60°C og setja í þurrkara.ÚTSALA  
60%  
AFSLÁTTUR

Stærð í cm	Fullt verð	Útsöluverð
90/100 x 200/220 x 35	3.490 kr.	1.396 kr.
120/140 x 200/220 x 35	3.990 kr.	1.596 kr.
180 x 200/220 x 35	5.490 kr.	2.196 kr.

GRAND

kremlit handklæði og þvottapokar

ÚTSALA  
60%  
AFSLÁTTUR

	Fullt verð	Útsöluverð
HANDKLÆÐI 40x70 cm	475	285
ÞVOTTAPOKI 30x30 cm	175	70

Afgreiðslutími Rvk  
Mánudaga til föstudaga kl. 11-18.30  
Laugardaga kl. 11-17  
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)  
www.dorma.isHoltagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, ÍsafirðiDORMA  
Láttu drauminn ræstast

Hollenski plötusnúðurinn Upsammy heitir réttu nafni Thessa, en hún hefur spilað á landinu áður. MYND/VOYAGE SELECT

# Raftónlistarveisla á Vetrarblóti í Hörpu

Hollenski plötusnúðurinn **Upsammy** spilar á Vetrarblóti í Hörpu næsta laudardag. Hún hefur áður spilað hér á landi á listahátíðinni LungA. **Atli Bollason** einn aðstandenda hátíðarinnar, segist spenntur að upplifa alvöru klúbbakvöld.

Eitt skærasta nýstirni evrópsku klúbbasunnar, Upsammy frá Hollandi, kemur fram í Hörpu á Vetrarhátíð laugardaginn 8. febrúar. Þá verður haldið rave undir ljósunum í Hörpu undir heitinu Vetrarblót, með fyrsta flokks hljóðkerfi, dansgólfi og sérsmíðuðum bar. Auk Upsammy kemur íslenska plötusnúðagengið Plútó fram.

## Spilaði á LungA

Einhverjir Íslendingar kannast eflaust við Upsammy síðan í LungA eftirpartíinu síðasta sumar. Þar spilaði hún á undan Bjarka. Hún hefur vakið verulega athygli á heimsvísu fyrir að blanda fuðlaust saman house tónlist, teknói, drum'n'bass, electro og öðrum undirgreinum rafrænnar danstónlistar. Sjálf segir hún að það sé alltaf hugvikkandi undirtónn í því sem hún spili og þann tón má auðveldlega greina í hennar eigin tónlist.

Upsammy, sem heitir Thessa Thorsing í raun og veru, er að leggja lokahönd á fyrstu plötuna sína í fullri lengd um þessar mundir, en þröngskifur hennar undanfarin tvö ár hafa slegið í gegn meðal plötusnúða og áhugafólks um raftónlist. Hún hefur meðal annars gefið út hjá Whites, sem er eitt virtasta útgáfufélagið í þessum kredsum, og notið ríkulegs stuðnings þekktari plötusnúða á borð við Objekt og Avalon Emerson.

**HUGMYNDIN ER AÐ HARPA VERÐI EINHVER FRUMLEGASTI, MEST „TRIPPY“ OG SKEMMTILEGASTI NÆTURKLÚBBUR EVRÓPU Í EITT KVÖLD.**

Atli Bollason, einn aðstandenda Vetrarblóts

## Spilar um allan heim

En það er ekki síst óvenjulegur plötusnúðastill Upsammy sem hefur tryggt henni regluleg gigg á mörgum af flottustu klúbbum Evrópu; Panorama Bar í Berlín, De School í Amsterdam og Robert Johnson í Frankfurt. Auk þess er hún er eftirsótt á stórar og virtar tónlistarhátíðir á borð við Primavera Sound, Dekmantel, Unsound og Way Out West.

Sjálf kynntist Upsammy danstónlist og rave-senunni þegar hún var unglíngur í Amsterdam. Þá var hún dregin af vinum sínum í vöruskemmur í útjæðri borgarinnar þar sem hún varð fyrir algjörru uppljómun, að eigin sögn. Í framhaldinu stóð hún sjálf fyrir reifum hér og þar í Hollandi áður en hún fór sjálf að þeyta skifum og semja tónlist.

## Dansað í Hörpu

„Hugmyndin er að Harpa verði einhver frumlegasti, mest „trippy“ og skemmtilegasti næturklúbbur Evr-

ópu í eitt kvöld,“ segir Atli Bollason, einn aðstandenda kvöldsins. „Við sem förum á Sónar Reykjavík vitum að það getur verið ótrúlega skemmtilegt að dansa og djamma í svona fallegu húsi eins og Hörpu. Það er fullkomið að gera það á Vetrarhátíð, þegar myrkríð og kuldinn eru að buga alla. Þá er gott að geta tekið út rave-skammtinn sinn.“

En verður hægt að djamma fram á nótt í Hörpu?

„Harpa verður opin til klukkan tvö og þá heldur partíið áfram á Gauknum þar sem Plútó mun spila. Vetrarblót er því átta klukkustunda partí, allt í allt,“ segir Atli.



## Spila á ljósin

Ljósin í húsinu verða að mestu slökkt en þrír „sjónsúðar“ úr NAVA-hópnum svonefnda, einn íslenskur, einn tékkneskur og einn pólskur, munu spila á ljóshjúpinu og keyra þannig upp stemninguna í tónlistinni fyrir alla á dansgólfinu. Til hliðar við dansgólfið, undir stiganum, verður sett upp sérstakt svæði til að slaka á og spjalla saman.

„Þótt við eigum geggjaða plötusnúða og það sé fint framboð af danstónlist á börum bæjarins þá hefur vantað stærri viðburði og erlend nöfn til að halda okkur við efnið. Ég er allavega sjálfur orðinn vel þyrstur í gott klúbbakvöld og hlakka mest til að taka nokkur spor sjálfur,“ segir Atli.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason [gustaf@frettabladid.is](mailto:gustaf@frettabladid.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Hlynur Þór Steingrímsson, [hlynur@frettabladid.is](mailto:hlynur@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is) FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albersdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vidar@frettabladid.is](mailto:vidar@frettabladid.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir [gudrunga@frettabladid.is](mailto:gudrunga@frettabladid.is)



# LAGER- HREINSUN

VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM



ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

## SÍÐUSTU DAGAR

Við erum á  
Suðurlandsbraut 24

**Opið:**

Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-16



Komdu í heimsókn  
og gerðu góð kaup



LÚR

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 554 6969

lur@lur.is

www.lur.is

## BAKÞANKAR

Guðmundar  
Brynjólfssonar



## Sóttvarnir

Amma mín sagði mér að í spænsku veikinni hafi Bjarni Snæbjörnsson lækni gengið á milli húsa í Hafnarfirði, þar sem allt var undirlagt af þeirri voðalegu sótt, en aldrei hafi hann smitast. Sú gamla sagði það hafa verið vegna þess að áður en lækniinn hafi farið út úr húsi að morgni hafi hann stungið upp í sig sígar, kveikt í, og ekki tekið út úr sér vindilinn fyrr en heim var komið að kvöldi. Þetta kennir okkur það eitt að nú er rétt að hefja reykingar.

Já, nú herjar á mannkyn veirudjöfull sem nefndur er eftir öllu í senn: jakkafötum, vindlum og bjór. Smitleiðir eru þekktar: nán kynni, snerting og auk þess mäs, hvæs og andköf í andremmuradíus við veiklulegt fólk.

Rétt er því að huga að sóttvörn-um: Auðvitað kemur fyrst upp sú sjálfsagða krafa að banna Tinder, því það er skaðlegt að ríða ókunnugu fólk. Þá hefur verið bent á að æskilegt sé að hafa hendur í vösum í verslunarmiðstöðvum, kjötbúðum og bókasöfnum. Fleðugangur, faðmlög og kjammakjams eru og ávísun á dauða, jafnvel þótt um sé að ræða einkennalaust fólk; einkennalausar manneskjur eru nefnilega hættulegastar. Þið munið Ted Bundy.

Okkur er líka sagt að spritta okkur utan og innan. Þá má ekki gleyma því sem er einna mikilvægast að mati landlæknis: „Fordast samneyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum.“ Á mannamáli útleggst þetta svo: Maður talar ekki við páfagaukinn í Blómavali né fer með hund í Kolaportið. Svo á maður víst að hnerra í handarkrikann á sér, eða öðrum, ef maður er virkilega slæmur.

Ég ætla að byrja að reykja. Lífið heil.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk  
ON THE GO

VÁ VERÐ

LAYS

175 G

249

KR/STK

1423 KR/KG



Kvikk  
ON THE GO



# Ánægðust í e11efu ár.

Stærsta takk í heimi!

Viðskiptavinir Nova eru ánægðustu viðskiptavinirnir í farsímapjónustu, 11. árið í röð samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar! Við erum endalaust ánægð, stolt, hrærð og kát en fyrst og fremst þvílíkt þakklát!

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)



LG OLED TV



Heimilistæki

100%  
of 42,000+  
reviews  
recommend  
this product

1

World's Best Selling  
OLED Brand

ht.is